Tilnefning rannsóknastofa

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Val á rannsóknastofu		1. Tvær leiðir eru mögulegar: a. Þegar tilnefna þarf rannsóknastofu vegna tiltekinna mælinga leitar MAST að rannsóknastofum sem reiðubúnar eru að framkvæma mælingarnar. b. Rannsóknastofa óskar eftir að verða tilnefnd til mælinga á sýnum sem tekin eru skv. opinberri eftirlitsáætlun. Fagsviðsstjóri lífrænnar ræktunar á deild matvælamála, annast framkvæmd vinnulýsingar þessarar sbr. liði 2-5.
2. Gagnasöfnun	Málakerfi Excel	2. MAST óskar eftir gögnum um að rannsóknastofan uppfylli kröfur til opinberra rannsóknastofa skv. reglugerð nr. 234/2020 (37. gr. reglugerðar nr. 2017/625/EB). Gögn eru vistuð í málakerfi með heitinu: “Tilnefning vegna mælinga á xx” undir viðkomandi rannsóknastofu sem viðskiptavin og bréfalykli 8.0 (SKRA-117). Ítarlegar upplýsingar um allar tilnefndar rannsóknastofur eru einnig færðar í excel skjal á sameiginlegt drif hjá MAST: S:/Rannsóknastofur/RANNSÓKNASTOFUR (SKRA-118).
3. Tilnefning	Tilnefningarskjal	3. Ef rannsóknastofan uppfyllir kröfur í 4. tl. 37. gr., er hún tilnefnd sem opinber rannsóknarstofa og tilnefning er skráð í skjal yfir tilnefndar rannsóknastofur (SKRA-119) sem vistað er á sameiginlegu drifi MAST S:/Rannsóknastofur/Tilnefndar rannsóknastofur.xls. Í tilnefningarskjali er skráð hvað er mælt og hvaða rannsóknastofur framkvæma hverja mælingu fyrir sig.
4. Kynning tilnefningar	Málakerfi	4. Tilnefning er tilkynnt rannsóknastofu með bréfi sbr. 3. tl. 37. gr sem vistað er í málakerfi í sama máli og önnur gögn sbr. lið 2. Bréfið skal innihalda lýsingu á verkefnum og skyldum opinberra rannsóknarstofa sbr. 38. og 39. gr .
5. Birting tilnefninga	Heimasíða MAST	5. Listi yfir tilnefndar rannsóknastofur er uppfærður og birtur á heimasíðu MAST, undir Eftirlitsniðurstöður á vefslóðinni: https://www.mast.is/is/um-mast/eftirlitsnidurstodur/rannsoknastofur